

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – fyrri hluti
9. október 2023
kl. 9:00 – 16:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 120 mín.

Þú stendur frammi fyrir eftirtöldum aðstæðum sem allar eru ótengdar innbyrðis vegna áritunar á ársreikning 2022.

- A. Fyrirtæki A ehf. er með umtalsverðar fjáreignir og fjárskuldir. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Félagið er óskráð.

Við endurskoðun reikningsskila félagsins fyrir árið 2022 verður þú þess áskynja að færsla og mat fjármálagerna er ekki í samræmi við ákvæði IFRS 9 *Fjármálagerningar* (Financial Instruments) né uppfyllir félagið skýringarkröfur sem settar eru fram í IFRS 7 *Fjármálagerningar: upplýsingagjöf* (Financial Instruments: Disclosures). Félagið færir allar fjáreignir og fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði og skýringar eru settar fram á grundvelli krafna í lögum um ársreikninga.

Mikilvægismörk sem þú hefur skilgreint við endurskoðunina nema kr. 60 milljónum. Fjáreignir samkvæmt ársreikningi nema kr. 1,5 milljarði og fjárskuldir kr. 1,8 milljörðum. Félagið getur ekki sýnt fram á áhrifin á reikningsskilin, þ.e. hverjar stöður fjáreigna og fjárskulda hefðu verið í árslok sbr. IFRS 9, né áhrif á rekstrarreikning. Fjármálagerningar félagsins eru flóknir og verulegir m.t.t. reikningsskila félagsins..

- B. Fyrirtæki B ehf. framleiðir tölvuleiki og rekur keðju leikja- og spilaverslana. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Félagið er skráð.

Stjórnendur félagsins eru þeirrar skoðunar að félagið hafi einn starfsspátt enda sé tölvuleikjaframleiðsla og rekstur leikja- og spilaverslana nátengdur. Ársreikningur félagsins tekur mið af þessari niðurstöðu og er einn starfsspáttur tilgreindur. Í skýrslu stjórnar með ársreikningi er gerð ítarleg grein fyrir starfsemi félagsins, þ.m.t. að félagið sinni tölvuleikjaframleiðslu og rekstri leikja- og spilaverslana. Engar tölulegar upplýsingar eru veittar í þessu samhengi.

Eignfærsla hugbúnaðar er skilgreind lykilatriði við endurskoðunina (e. Key audit matter).

Á grundvelli endurskoðunargagna sem þú hefur aflað og yfirferðar þessar á ákvæðum IFRS 8 *Starfshættir* (Operating Segments), er það niðurstaða þín að félagið sé með tvo starfshætti og beri að setja fram viðeigandi skýringar m.t.t. þessa. Starfshættirnir sem þú telur viðeigandi eru tölvuleikjaframleiðsla og rekstur leikja- og spilaverslana. Stjórnendur eru ekki sammála niðurstöðu þinni og telja ekki viðeigandi að gera breytingu á reikningsskilum félagsins.

- C. Fyrirtæki C hf. er fasteignafélag skráð í Kauphöll Íslands. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Um mitt ár 2022 varst þú ráðinn endurskoðandi C hf. en ársreikningur 2021 var

endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Í tengslum við endurskoðunina hefur þú fylgt ákvæðum ISA 510 og náð að afla viðeigandi endurskoðunargagna til að sannfæra þig um að upphafsstöður séu án verulegra rangfærslna.

Mikilvægismörk við endurskoðunina hafa verið skilgreind kr. 250 milljónir.

Mat fasteigna er skilgreint lykilatriði við endurskoðunina (e. Key audit matter).

Í tengslum við endurskoðunina hefur þú fengið verðmatssérfræðinga til þess að yfirfara forsendur stjórnenda fyrir matinu, auk þess að framkvæma endurútreikning. Verðmatssérfræðingar telja forsendur stjórnenda viðeigandi en hafa greint skekkju í útreikningum, sem gerðir eru í excel skjali. Skekkjan reiknast kr. 100 milljónir sem fastafjármunir ættu að vera metnir lægri en samkvæmt ársreikningi. Stjórnendur gera ekki athugasemdir við niðurstöðu þína en telja ekki þörf á leiðréttingu ársreiknings. Aðrar skekkjur sem greindar hafa verið við endurskoðunina teljast óverulegar m.t.t. lágmarksviðmiða sem þú hefur skilgreint.

- D. Fyrirtæki D ehf. er stór heildsala sem gerir reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga.

Þú hefur verið endurskoðandi D ehf. um nokkurt skeið. Félagið er fjölskyldufyrirtæki og samskipti við stjórnendur hafa gengið vel. Þó hefur borið á því viðhorfi að endurskoðendur séu alltaf að fría sig ábyrgð. Engar verulegar ábendingar eða athugasemdir hafa komið upp við endurskoðun ársreiknings félagsins fyrir árið 2022 fyrir utan athugasemd um ófullnægjandi aðgreiningu starfa. Engir óleiðréttir mismunir hafa verið greindir né hafa verið greind tilvik sem benda til sviksemi.

Komið er að áritun á reikningsskilin Þú hefur sent staðfestingarbréf stjórnenda á viðeigandi stjórnendur og óskað eftir að fá það undirritað. Bréfið hefur þú útbúið á grundvelli krafna sem fram eru settar í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Á stjórnarfundum undirritar stjórn ársreikninginn en upplýsir þig um að stjórn og stjórnendur telji ekki rétt að skrifa undir staðfestingarbréf stjórnenda, enda sé þetta bréf eingöngu til þess fallið að fría endurskoðandann ábyrgð. Rök þín og útskýringar um kröfur alþjóðlegra endurskoðunarstaðla, ákvæði í lögum um ábyrgð stjórnar og stjórnenda á gerð og framsetningu reikningsskilanna og ábyrgð endurskoðandans hafa engin áhrif á afstöðu stjórnenda. Þú hefur ekki tók á að segja þig frá verkefninu.

Úrlausnarefni:

Fyrir sérhvert tilvik sem lýst er hér að framan:

A. Gerðu grein fyrir því hvaða áritun þú telur við hæfi miðað við ofangreindar forsendur.

B. Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert tilvik samkvæmt niðurstöðu þinni í lið A. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins. Vandaðu vel orðalag áritunarinnar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 4 mín.

Sparisjóður Viðeyinga er lítil lánastofnun sem beitir alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) við gerð reikningsskila sinna. Stærstur hluti lána sjóðsins eru fasteignalán til einstaklinga sem hingað til hafa þótt afar trygg og undanfarin misseri hefur niðurfærsla vegna þeirra því verið hlutfallslega lág. Nú eru hins vegar blikur á lofti í rekstri sjóðsins þar sem efnahagsástand á þeim markaði sem hann starfar hefur versnað til muna á árinu 2022. Vextir hafa hækkað töluvert og afleiðing þess er samdráttur á fasteignamarkaði og lækkandi fasteignaverð. Við mat á væntu útlánatapi hefur sjóðurinn einkum notast við sögulegar og núverandi upplýsingar um vanskil lántaka ásamt veðhlutfalli (hlutfall áætlaðs virðis veða af lánsfjárhæð).

Á árinu 2019 hóf sjóðurinn að bjóða upp á óverðtryggð lán með föstum vöxtum til næstu þriggja ára. Á þeim tíma voru efnahagsaðstæður góðar og vextir lágir í sögulegu samhengi, og því voru slík lán afar vinsæl. Fastvaxtatímabili margra af þeim lánunum lauk á árinu 2022, og þá hækkuðu vextir af lánunum verulega við endurákvörðun þeirra.

Nafnverð á safni framangreindra lána í árslok 2021 nam 610 milljónum króna og niðurfærsla nam á sama tíma 7,5 milljónum króna. Nánari útlistun á niðurstöðum í mati á væntu útlánatapi lánanna í árslok 2021 má sjá í töflunni hér að neðan.

<u>31. desember 2021</u>		<i>í þús.</i>	
		Nafnverð	Veðhlutfall
		610.000	80%
Vanefnda- hlutfall	Nafnverð	Vænt útlánatap	
Stig 1	1,2%	518.500	- 1.244
Stig 2	3,8%	62.500	- 475
Stig 3		29.000	- 5.781
		610.000	- 7.500

Nafnverð lánanna þann 31. desember 2022 nam 580 milljónum króna og eftirstæður líftími á reikningsskiladegi 31. desember 2022 var á bilinu 17-37 ár. Í árslok 2022 hafði veðhlutfall lánasafnsins lækkað úr 80% í 70% frá því í árslok 2021.

Úrlausnarefni:

- A. Hver eru líkleg áhrif breyttra efnahagsaðstæðna á mat á væntu útlánatapi vegna fasteignalána? Hvaða fleiri þátta þyrfti bankinn að líta til við mat sitt á væntu útlánatapi vegna fasteignalána? Ekki er beðið um útreikninga í þessum lið. (20 mín.)**
- B. Settu upp tillögu að útreikningi á væntu útlánatapi lánasafnsins á reikningsskiladegi 31. desember 2022. Athugið að próftakar þurfa að gefa sér forsendur í útreikningunum þegar kemur að skiptingu niður á stig virðisrýrnunarlikans og líkum á vanefndum. (20 mín.)**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 3 – 50 mín.

Þú ert endurskoðandi félagsins og samstæðunnar Húðdrauma ehf. sem er með höfuðstöðvar sínar á Íslandi. Félagið hefur sérhæft sig í framleiðslu rakakrema sem sögð eru hægja á öldrun húðarinnar.

Félagið myndar samstæðu með dótturfélagi sínu í Bandaríkjunum. Bandaríska dótturfélagið er endurskoðað af öðrum endurskoðanda, en hlutfall bandaríska félagsins af samstæðunni er einungis 12% og það ekki álitid fjárhagslega verulegt m.t.t. viðmiða sem fram eru sett í ISA 600.A5.

Kremin eru framleidd á Íslandi og eru hráefnin keypt af ótengdum aðilum. Einn aðilinn rekur svínabú, en úr svínalifur er unnin olía og vítamín A afleiður (retinol) sem eru virku efnin í kremunum. Túpur og umbúðir undir kremin eru keypt af erlendum framleiðanda í Þýskalandi.

Bandaríska dótturfélagið kaupir fullbúnar vörur af móðurfélaginu og selur þær áfram þar í landi, en mikilvægi markaðarins fyrir samstæðuna hefur farið vaxandi síðustu ár.

Félagið semur ársreikning sinn í samræmi við lög um ársreikninga og eru allar birgðir félagsins færðar á kostnaðarverði. Mikilvægismörk í endurskoðun samstæðunnar eru kr. 40 milljónir og skipulagsmörk kr. 30 milljónir, en birgðir í árslok nema samtals kr. 201 milljón.

Félagið framkvæmir árlegar birgðatalningar sem fara fram um áramót.

Vörubirgðir þann 31.12.2022 skiptast þannig:

- 1) Hráefni – olíur og retinol. (31 milljón)
- 2) Umbúðir – geymdar í vöruhúsi flutningsaðila. (35 milljónir)
- 3) Vörur í vinnslu á Íslandi. (5 milljónir)
- 4) Fullbúnar vörur á Íslandi (50 milljónir)
- 5) Fullbúnar vörur í Bandaríkjunum. (80 milljónir)

Stjórnendur innkaupadeildar búa til leiðbeiningar fyrir starfsmenn sína til að telja hráefnin. Stjórnendur þróunardeildar gera það fyrir vörur í vinnslu en stjórnendur söludeildar fyrir fullbúnu vörunar á Íslandi. Stjórnendur í Bandaríkjunum skipuleggja birgðatalninguna þar. Fyrir umbúðir hafa stjórnendur látið yfirlit frá flutningsaðila nægja.

Úrlausnarefni:

- A. Ákvarðaðu endurskoðunaraðgerðir til þess að mæta áhættunni um mat, tilvist og heild birgða samstæðunnar.**

B. Sala á vörum til bandaríska dótturfélagsins hefur farið fram á öðrum skilmálum en við þriðja aðila. Skilmálarnir brjóta ekki lög og reglur um milliverðlagningu. Í skýringu um viðskipti við tengda aðila í ársreikningi móðurfélagsins er ekki fjallað um viðskiptakjör, þ.e. hvort viðskipti við dótturfélagið fari fram á armlengdargrundvelli. Útskýrðu hvort og þá hvaða afleiðingar hefur þetta á endurskoðunina?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 55 mín.

Línus Gauti Jónsson er fjármálastjóri hjá Drugs'r'us ehf. sem hefur einkum sérhæft sig í framleiðslu á lyfjum. Félagið hefur undanfarið verið að þróa sitt fyrsta lyf, Relaxiflex, sem er ætlað að róa taugar stressaðra sjúklinga með lágmarks hliðarverkunum. Í byrjun mars 2021 gerði félagið samning við Europharma Ltd. sem fær einkaleyfi á markaðssetningu og sölu á Relaxiflex í Evrópu næstu 10 árin. Á samningsdegi áætla Drugs'r'us að allri þróun, prófunum og skjölun verði lokið í maí 2023 þannig að hægt sé að sækja um samþykki hjá lyfjaeftirlitsstofnun Evrópu. Áætlaður kostnaður við að ljúka þróun er 4,5 milljónir evra sem mun að mati stjórnenda falla jafnt til yfir eftirstætt þróunartímabil.

Línus Gauti ræddi við framkvæmdastjóra Drugs'r'us í lok árs 2021, en félagið hafði þá lokið við annan fasa í þróuninni og hafði vinnu við síðasta fasann. Framkvæmdastjórinn taldi þá afar líklegt að félaginu tækist að ljúka við þróun á lyfinu, en var ekki jafn viss um að samþykki fengist hjá lyfjaeftirliti Evrópu. Línus Gauti ræddi aftur við framkvæmdastjórann í lok árs 2022, en félagið hafði þá lokið við þróun á lyfinu og beið eftir svári við umsókn frá eftirlitsaðilanum. Framkvæmdastjórinn taldi þá yfirgnæfandi líkur á því að lyfið fengist samþykkt hjá lyfjaeftirlitinu á tilsettum tíma fyrir lok maí 2023.

Ef Drugs'r'us nær ekki að ljúka við þróun lyfsins af einhverjum ástæðum, er Europharma samkvæmt skilmálum samnings heimilt að fá aðgang að gögnum vegna þeirrar vinnu sem þá hefur verið unnin, og ljúka sjálfst við þróun á lyfinu.

Drugs'r'us er skuldbundið til að framleiða lyfið fyrir Europharma fyrstu 3 árin eftir markaðssetningu þess en Europharma er þó heimilt að sjá sjálfst um framleiðsluna eða finna annan framleiðanda. Söluverð á birgðum til Europharma er á markaðskjörum, þ.e. með sambærilegri framlegð og önnur framleiðsla félagsins.

Europharma greiðir Drugs'r'us 10 milljón evrur samkvæmt samningi, en greiðslurnar skiptast í 4 hluta:

- a) 2 milljónir evra við undirritun samningsins
- b) 3 milljónir evra þegar Drugs'r'us lýkur við annan fasa í þróun á lyfinu (þróun ekki lokið að fullu)
- c) 3 milljónir evra þegar Drugs'r'us hefur lokið við þróun og prófanir á lyfinu
- d) 2 milljónir evra þegar samþykki eftirlitsaðila fæst fyrir sölu og markaðssetningu á lyfinu

Fyrsta greiðslan (a) tryggir Europharma einkarétt á lyfinu í Evrópu og er óendurkræf. Drugs'r'us þarf hins vegar að endurgreiða Europharma b) og c) ef lyfið fæst ekki samþykkt af lyfjaeftirlitsstofnun Evrópu. Europharma greiðir síðan fyrir framleiddar vörubirgðir eftir pöntunum.

Drugs'r'us er tiltölulega nýtt í lyfjaþróun og hefur ekki myndað sér reikningsskilaaðferð varðandi tekjuskráningu vegna samninga eins og þess sem lýst er að ofan. Línus Gauti hefur lesið tekjustaðalinn IFRS 15 fram og tiltaka en er þrátt fyrir það hreinlega ekki viss um hvernig rétt sé að standa að tekjuskráningu fyrir samninginn við Europharma. Hann leitar því til þín og óskar eftir aðstoð.

Drug'r'us gerir reikningsskil í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Úrlausnarefni:

- A. Greindu frammistöðuskuldbindingar (e. performance obligations) í samningnum. (10 mín.)**
- B. Hvernig ætti félagið að meta samningsverðið og útdeila því niður á frammistöðuskuldbindingar? (15 mín.)**
- C. Hvernig og hvenær ætti félagið að innleysa tekjur af samningnum? Rökstyðjið aðferð tekjufærslu (yfir tíma eða á tímamarki). Stillið upp tillögu að færslum fyrir árin 2021, 2022 og 2023 og gerið ráð fyrir að samþykki hafi fengist hjá eftirlitsaðila í lok maí 2023. (30 mín.)**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word og/eða excel-svarskjali

Verkefni 5 – 70 mín.

Fjárfestingafélagið Köttur Holding ehf. er í eigu einstaklinga. Félagið á 60% hlut í félaginu Kötturinn hf. sem rekur verslanir sem selja allt sem viðkemur kattahaldi. Eigendur eru jafnframt stjórnendur félagsins. Gerð hefur verið samstæða Kattarins hf. með dótturfélögunum Kattafóðri ehf. og Kattasandi ehf.

Ársreikningar eftirfarandi eininga hafa verið gerðir fyrir rekstrarárin 2020 og 2021. Þeir gefa eftirfarandi upplýsingar:

2021 (í milljónum)	Köttur Holding ehf.	Samstæða Kötturinn hf.	Kötturinn hf. móðurfélag	Kattafóður ehf.	Kattasandur ehf.
Rekstrartekjur	0	8.000	8.000	800	450
Rekstrargjöld	0	6.650	6.800	700	400
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	810	0	150	0	0
Hagnaður/(tap)	810	1.350	1.350	100	50
Heildareignir	2.100	10.650	10.000	2.000	1.000
Heildarskuldir	1.010	7.150	6.500	1.000	650
Eigið fé	1.090	3.500	3.500	1.000	350
Meðalfjöldi ársverka	0	190	110	55	25

2020 (í milljónum)	Köttur Holding ehf.	Samstæða - Kötturinn hf.	Kötturinn hf. móðurfélag	Kattafóður ehf.	Kattasandur ehf.
Rekstrartekjur	0	7.500	7.500	700	350
Rekstrargjöld	0	6.650	6.800	600	300
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	510	0	150	0	0
Hagnaður/(tap)	510	850	850	100	50
Heildareignir	1.280	9.550	9.000	1.800	950
Heildarskuldir	1.000	7.400	6.850	900	650
Eigið fé	280	2.150	2.150	900	300
Meðalfjöldi ársverka	0	165	90	50	25

Úrlausnarefni:

- A. Stjórnendur vilja ráða þig sem næsta endurskoðanda félaganna en vilja fyrst fá upplýsingar um hver félaganna séu endurskoðunarskyld skv. gildandi lögum og reglum og hvort að kröfur um framsetningu ársreikninga geti haft einhver áhrif á það.**
- B. Á árinu 2023 berst Ketti holding ehf. bréf þar sem ársreikningaskrá hafnar móðurfélagsársreikningi félagsins fyrir árið 2022 á þeim grundvelli að félagið hafi ekki beitt hlutdeildaraðferð heldur fært eignarhluti í dótturfélögum á kostnaðarverði. Ársreikningurinn var endurskoðaður af þér. Stjórnendur hafa afhent viðskiptabanka sínum og áhugasömum fjárfestum eintak af ársreikningum.**

Stjórnendur hafa ákveðið að lagfæra ársreikninginn og biðja þig að endurskoða hann. Lýstu til hvaða aðgerða grípa þarf tengdri endurskoðuninni á hinum uppfærða ársreikningi.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 6 – 45 mín.

Lagsmenn hf. er íslenskt laxeldisfyrirtæki með starfsstöðvar á þremur stöðum á landinu. Fjármálastjóri Lagsmanna er Ólöf Ómarsdóttir, eða Lolla lax eins og viðskiptavinir Lagsmanna kalla hana. Eftir nokkurra ára framkvæmdir tóku Lagsmenn í gagnið glæsilega eldisstöð í ársbyrjun 2020 (Stöð A), en stöðin þykir skara fram úr þegar kemur að nútímataekni og afkastar mun meiru en eldri stöðvar félagsins. Síðan hefur kostnaður við uppsetningu slíkrar stöðvar hækkað mikið og sviður Lollu það mjög að geta ekki sýnt fram á raunverulegt virði stöðvarinnar í efnahagsreikningi félagsins, en stöðin hefur fram til þessa verið færð samkvæmt kostnaðarverðsaðferð líkt og aðrir rekstrarfjármunir félagsins. Ástæða þess er ekki síst sú að félagið fjármagnaði framkvæmdirnar með verðtryggðu láni sem síðan hefur hækkað mikið og vaxtagreiðslur gætu einnig hækkað ef félagið brýtur lánaskilmála um lágmarks eiginfjárhlutfall. Stjórn félagsins lítur mikið til hagnaðar eftir skatta við mat á árangri félagsins.

Lolla veit til þess að félög hafa fært rekstrarfjármuni upp í gangvirði með því að beita endurmatsaðferð. Hún ákveður því að taka saman upplýsingar fyrir stjórn félagsins um áhrif þess að færa stöðina samkvæmt endurmatsaðferð og leitar til þín varðandi leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð í ársreikningi fyrir árið 2022.

Bókfært verð Stöðvar A í árslok 2021 nam 390 milljónum króna, en bókfært verð hennar í árslok 2022 nam 375 milljónum að teknu tilliti til afskrifta ársins 2022. Engar viðbætur eða sölur voru á eldisstöðvunum á árinu 2022. Lolla lét verkfræðistofu útbúa skýrslu um endurbyggingarkostnað stöðvanna, en virði Stöðvar A samkvæmt matinu var 505 milljónir króna í árslok 2022, en frekari niðurstöður úr skýrslunni eru í töflunni að neðan. Stöðvarnar eru afskrifaðar með línulegri afskrift og ekki er gert ráð fyrir neinu hrakvirði.

Upphæðir í þús	Bókfært verð án endurmats		Gangvirði samkvæmt endurmatsaðferð	
	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022
Stöð A	390.000	375.000	500.000	505.000
Stöð B	169.000	156.000	169.000	154.000
Stöð C	154.000	140.000	166.000	166.000
Samtals	713.000	671.000	835.000	825.000

Lagsmenn gera reikningskil í samræmi við lög um ársreikninga. Takið tillit til tekjuskattsáhrifa í svörum, tekjuskattshlutfall er 20% öll árin.

Úrlausnarefni:

- A. Útskýrið fyrir Lollu þau atriði sem hún þarf að huga að við reikningshaldslega meðferð þegar endurmatsaðferð er beitt út frá ofangreindum forsendum. Lýsið helstu áhrifum á rekstrarreikning og efnahagsreikning félagsins sem gætu vakið athygli Lollu sem fjármálastjóra. (15 mín.)
- B. Stillið upp þeim færslum sem færa þarf vegna stöðvanna í árslok 2022 miðað við að félagið taki þá upp endurmatsaðferð. (15 mín.)

C. Í ársbyrjun 2023 var ákveðið að selja Stöð C til að hagræða í rekstri félagsins og fékkst söluverðið 160 milljónir króna staðgreitt. Stillið upp færslum vegna stöðvanna í árshlutauppgjöri 30. júní 2023. (15 mín.)

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 7 – 40 mín.

Stjórnendur námufélagsins Agnars hf. eru að undirbúa skráningu félagsins á aðalmarkað Nasdaq OMX á Íslandi. Verið er að útbúa útboðslýsingu í tengslum við fyrirhugað útboð í febrúar 2023 og í henni er birtur síðasti efnahagsreikningur félagsins (31.12.2022) en auk hans eru áhrif útboðsins tilgreind sérstaklega.

Við útboðið verður hlutfé félagsins hækkað um kr. 2 milljarða. Kostnaður vegna útboðsins er áætlaður kr. 100 milljónir. Áætlað er að nýta kr. 1 milljarð af greiddu hlutfé til að greiða niður langtímalán.

Liður (í milljónum)	Efnahags- reikningur 31.12.2022	Pro forma aðlögun - Hækkun hlutfjár	Pro forma aðlögun - Kostnaður	Pro forma aðlögun - Lækkun skulda	Pro forma efnahags- reikningur
Fastafjármunir	5.000				5.000
Aðrar skammtíma- eignir	1.000				1.000
Handbært fé	500	2.000	-100	-1.000	1.400
Lántökur	3.500			-1.000	2.500
Aðrar skammtíma- skuldir	1.000				1.000
Eigið fé	2.000	2.000	-100		3.900

Úrlausnarefni:

Stjórnendur hafa leitað til þín til að fara yfir útboðslýsinguna og fjárhagsupplýsingarnar sem fylgja henni. Útskýrðu fyrir þeim hvaða aðgerðir þarf að fara í til að veita vissu um að ofangreindar fjárhagsupplýsingarnar séu réttar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til

Svarið í word-svarskjali